

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
22. júní 2011	
Tilv.	_____

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. júní 2011
Tilvísun: UST20110500016/bs

Matsskylda. Fiskimjölsverksmiðja í Helguvík. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík var búnaði breytt árið 2010 með það að markmiði að ná heildarafköstum samkvæmt starfsleyfi, eða 900 tonnum á sólarhring. Reynslan hefur sýnt að við bestu skilyrði geta afköstin náð allt að 1.200 tonnum á sólarhring. Aukin afkastageta mun ekki kalla á breytingu á verksmiðjuhúsnæði. Hins vegar er ráðgert að stækka mjölgeymslu. Verksmiðja er á iðnaðarlóð við Helguvíkurhöfn. Sjónræn áhrif þessara breytinga verða óveruleg.

Varðandi lyktarmengun kemur fram að við umræddar breytingar á tækjabúnaði verksmiðjunnar er auðveldara fyrir verksmiðjuna að vinna fyrr stóra farma, en hráefnisgeymslur eru óbreyttar, því minnka líkur á því að hráefni skemmist meðan á vinnslu stendur með tilheyrandi lyktarmengun. Þetta á sérstaklega við varðandi vinnslu á hrati frá hrognatöku.


Um frárennsli segir m.a. : *"Magn fráveituvatns hefur ekki aukist að neinu marki eftir fyrirhugaðar framkvæmdir."* Hér er væntanlega um að ræða það sem kallast forvirk aðgerð. Ekki virðist því ástæða til að breyta fráveitu frá því sem verið hefur.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd breyting á fiskimjölsverksmiðju í Helguvík muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Eins og fram kemur í tilkynningarskýrslu kemur fram að Umhverfisstofnun taldi í bréfi dags. 5. apríl 2011 "Að umrædd breyting á starfsemi fiskimjölsverksmiðjunnar hafi í för með sér að gefa þurfi út nýtt starfsleyfi fyrir fyrirtækið, sbr. 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í því ferli er gert ráð fyrir aðkomu almennings og má gera ráð fyrir að þar verði tekið á hugsanlegum óvissuþáttum.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson